

AUGLÝSING
um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 1094/2016,
um sérstakan húsnæðisstuðning.

1. gr.

6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:
6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 7.745.000 kr.

2. gr.

Tafla í 5. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.526.505	9.408.131	627.209	784.011
3	8.811.518	11.014.398	734.293	917.866
4 eða fleiri	9.545.812	11.932.265	795.484	994.355

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 6. mars 2024 og á fundi borgarráðs 14. mars 2024, eru byggðar á 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Breytingarnar eru ívildandi og tóku gildi þann 1. janúar 2024.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 18. mars 2024.

Einar Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 5. apríl 2024